

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. ágúst 1983 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hafnarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur af Höfn sem félagsmálaráðuneytið staðfesti 9. maí 1949.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. ágúst 1983.*

F. h. r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 609

11. ágúst 1983

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.

1. gr.

1. málsg. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 538 26. ágúst 1982, orðist svo:  
Verð hverrar getraunaraðar er kr. 2,50.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. ágúst 1983.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 610

2. ágúst 1983

## REGLUGERÐ

### um bifreiðastöður í Mosfellshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Mosfellshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu:

Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum og vörubifreiðum, sendiferða- og fólksflutningabifreiðum, sem eru 2 ½ tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og